



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

21. nóvember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs, 120. mál.

Samtök atvinnulífsins taka undir markmið og efnisatriði frumvarps þessa án þess að samtökunum sé ljóst hvort lög um þetta efni séu besta leiðin til að tryggja tilvist Reykjavíkurlugvallar og eyða þeirri óvissu sem uppi er.

Tekið er undir að fjölmörg störf fylgja flugvöllinum. Hverfi hann má búast við auknum kröfum um að þjónusta byggist upp nær Keflavíkurlugvelli og jafnvel að til lengri tíma dragi úr mikilvægi Reykjavíkur sem miðstöðvar stjórnsýslu og þjónustu.

Það vakti óneitanlega athygli að í skýrslu Reykjavíkurborgar *Atvinnustefna Reykjavíkur – Skapandi borg*, sem kom út í júní 2012, er ekki að finna eitt einasta orð um flugvöllinn eins mikilvægur og hann er og enga umfjöllun um áhrif þess að hann hverfi og hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Á bls. 12 í skýrslunni er að finna almenna ósk um tengingu innviða við ferjur, flug, hjólreiðar og gangandi umferð. Jafnframt að könnuð verði hagkvæmni léttlestartengingar við alþjóðaflugið. Einnig er á bls. 40 í umfjöllun um veikleika borgarinnar varpað fram þeirri spurningu hvort alþjóðaflugvöllurinn sé of langt í burtu frá borginni.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt fyrir alla landsmenn, hvar sem þeir hafa valið sé búsetu, að tilvist Reykjavíkurlugvallar verði tryggð.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri.